

ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur

Reykjavík, 17. september 2021

Efni: Umsögn um íþróttastarf til framtíðar í Vogabyggð og Höfðabyggð.

Það eru níu félag í Reykjavík með stöðu hverfafélags. Nú þegar mikil uppbygging er fyrirhuguð í Voga- og Höfðabyggð er spurning hvaða leið skuli farin í þessu nýja hverfi þegar kemur að íþróttastarfi. Fjölur, Fylkir, Víkingur og Ármann/Þróttur hafa óskað eftir að þjónusta þessi hverfi. Líklegt má teljast að væntanlegt hverfi verði stærra hvað varðar íbúafjölda en sum þessara íþróttahverfa (Fylkir(11.000) og Víkingur(10.000)) og álíka að stærð og hverfi Ármanns/Þróttar (16.000) annarsvegar og hins vegar Fjölur(18.000). Þessi félag eiga öll landamæri að þessu nýja svæði og því mætti segja að þau geti öll átt ákveðið tilkall til þess að þjónusta íbúa nýs hverfis.

Ljóst er að nýtt hverfi verður mjög miðlægt í borginni og í góðri tengingu við náttúruna m.a. sjóinn og Elliðaárdalinn. Fyrir á svæðinu er skíðabrekka, og aðstaða fyrir hjólabretti, parkour, hjólaskauta, skvass og hjólreiðar. Uppi eru hugmyndir um að koma upp aðstöðu fyrir jaðariþróttir í Toppstöðinni fyrir klifur, hjólabretti, parkour og fl.

Mikilvægur þáttur að horfa til eru samgöngur en Borgarlínan mun liggja í gegnum svæðið og þar með tengja það við stóran hluta borgarinnar. Hverfið er afmarkað af stórum samgönguæðum sem eru Sæbraut og Miklabraut sem gætu verið farartálmar fyrir börn á leið til og frá æfingum. Samkvæmt könnunum sem gerðar hafa verið varðandi aðgengi og þátttöku í íþróttastarfi þá er bein fylgni fylgni á milli nálægðar heimilis og íþróttamannvirkis. Stórar samgönguæðar líkt og Bústaðavegur og Hringbraut hafa haft áhrif á þátttöku í þeim hverfum, mun fleiri iðkendur þeim megin gatnanna sem mannvirkin eru. Því er mikilvægt að aðstaða verði byggð upp í hverfinu svo aðgengi verði gott fyrir börn og fullorðna innan hverfis. Ferðalög til höfuðstöðva annarra félaga eru of löng og munu leiða til þess að færri taki þátt.


Því er lagt til að eitt félag sjái um hið nýja hverfi í heild sinni. Stjórn ÍBR telur skynsamlegustu leiðina vera að færa höfuðstöðvar Ármanns alfarið í Voga- og Höfðabyggð og byggja þar upp aðstöðu fyrir allar íþróttagreinir Ármanns. Aðstöðuvandinn er þó mestur í fimleikum, og körfuknattleik en þörfin er brýn fyrir því að leysa aðstöðuvanda Ármanns í þessum íþróttagreinum. Mögulega væri hægt að endurvekja knattspyrnudeild hjá félaginu og byggja upp aðstöðu fyrir ungmennastarfið en samstarf yrði við önnur félag með elstu flokkana. Þróttur yrði með þessum breytingum eina hverfafélagið í Laugardalnum en í því hverfi eru einnig öflug félag með sína starfsemi sbr. TBR og Skautafélag Reykjavíkur.

Kostur þess að Ármann taki við nýju hverfi og að aðalaðstaða félagsins verði þar er að þá horfa íbúarnir til þess að Ármann verði „hverfisíþróttafélagið“. Einnig er kostur að Ármann er ekki eins háð raunvexti í íbúafjölda (framgangi byggðaáætlana) þar sem grunnur félagsins er sterkur með iðkendur sem búa víða í borginni og ólíklegt að það breytist þrátt fyrir að færsla félagsins taki nokkur ár. Margar af sterkustu deildunum reka sig vítt og breitt um borgina, alveg frá frjálsíþróttahöllinni og Laugardalslaug, að Árbæjarlaug og upp í Bláfjöll. Með hliðsjón að reynslunni af flutningi Fram úr Safamýri í Úlfarsárdal þá væri mjög mikilvægt að samkomulag væri gert um áætlun varðandi flutning Ármanns í hið nýja hverfi og tímasett hvernig uppbyggingu yrði háttáð.

Þar sem fyrir liggur að byggja þarf upp skólaíþróttasali í nýju hverfi þá er eðlilegt að þeir séu nýttir af Ármanni og taki strax mið af framboði félagsins. Samhliða yrði byggð upp miðstöð félagsins og aðstaða fyrir aðrar greinar. Þar sem ekki væru meistaraflokkar í knattspyrnu í félaginu þyrfti ekki að byggja sérhæfða keppnisaðstöðu fyrir knattspyrnu með þar til gerðum áhorfendastúkum. Með þessari útfærslu opnast tækifæri til að skoða nýjar útfærslur hvað varðar uppbyggingu í Laugardal og notkun skólaíþróttahúsa sem Ármann er að nota.

Kveðja,

f.h. stjórnar Íþróttabandalags Reykjavíkur



Frímanna Ari Ferdinandsson

Framkvæmdastjóri ÍBR